

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. október 2012

### **Umsögn um þingskjal 181, mál 180.**

Landssamtökin Þroskahjálp harma að ekkert samráð hafi verið haft við samtökin um fyrirhugaðar breytingar á lögum um kosningar (aðstoð við kosningar).

Landssamtökin Þroskahjálp styðja fyrirhugaðar breytingar en telja þær alls ekki ná nægilega langt til að tryggja möguleika fatlaðs fólks til að taka þátt í kosningum. Samtökin vilja leggja til breytingu á 3. mgr. 63. greinar laga nr. 24/2000 þar sem kveðið er á um hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar þess að kjósandi geti valið sér aðstoð en þar stendur:

- *„Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi“.*

Landssamtökin Þroskahjálp leggja til að þessu ákvæði verði breytt þannig að í stað „sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“ komi **sakir fötlunar**.

Það frumvarp til laga sem hér er til umfjöllunar er meðal annars til komið til að uppfylla ákvæði 29. greinar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í A. lið þeirrar greinar eru ákvæði um að aðildarríkin skuli tryggja fötludum tækifæri til að njóta stjórnmalalegra réttinda sinna til jafns við aðra m.a. með því „að tryggja að *kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg, auðskilin og auðnotuð*.“

Fólk með þroskahömlun margt hvert getur sökum fötlunar sinnar átt erfitt með að koma vilja sínum með tryggum hætti á framfæri á kjörseðli. **Samkvæmt núgildandi lögum á það ekki rétt á að fá aðstoð til að auðvelda því það og fyrirbyggjandi frumvarp um breytingar á kosningalögum bætir ekki þar úr.**

Nú stendur fyrir dyrum ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs. Samkvæmt 12. gr. laga um þjóðaratkvæðagreiðslur fer um „atkvæðagreiðsluna utan kjörstaða og á kjörstað samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis“.

Í þeirri atkvæðagreiðslu verða 6 spurningar. Sumar spurningarnar eru nokkuð langar og ítarlegar (22 orð) og svörin við spurningunum líka (14 orð). Auk þess á að vera skýringartexti á seðlinum upp á að minnsta kosti 80 orð. Slíkur texti uppfyllir illa skilmerki laga um að vera auðskilinn og aðgengilegur.

Samtökunum er heldur ekki kunnugt um að upplýsingaefni á auðskildu máli hafi verið útbúið fyrir umræddar kosningar.

Landssamtökin Þroskahjálpar eru þess fullviss að vilji Alþingis stendur til þess að tryggja öllum jafna möguleika til þátttöku í þeirri atkvæðagreiðslu og öðrum opinberum kosningum í framtíðinni en mikil umræða fer nú fram um að stórauka þjóðaratkvæðagreiðslur í framtíðinni. Fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á kosningalögum tryggir að mati samtakanna ekki að svo verði. Brýnt er að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar þar á.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

---

Gerður A. Árnadóttir, formaður

---

Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri